

# LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS

ÁLFTAMÝRI 9 - 108 REYKJAVÍK

SÍMI: 685620

MYNSENDIR (TELEFAX) 687057

Reykjavík, 18. nóvember 1994

Umsögn Lögmannafélags Íslands um  
frumvarp til laga um breytingar á  
hlutafélagalögum og um einkahlutafélög.

*Alþingi*

*Erindi nr. P 118 / 210*  
*komudagur 22. 11. 1994*

Stjórn Lögmannafélags Íslands fól laganefnd félagsins að fara yfir og semja umsögn um framangreind frumvörp.

Laganefndin fagnar því að frumvarpshöfundar hafa tekið til greina flestar athugasemdir laganefndar við drög að frumvörpunum. Vísast til þeirrar umsagnar. Mælir nefndin eindregið með samþykkt frumvarpanna.

Nefndin vill þó koma á framfæri einni tillögu um breytingu á frumvörpunum, sem horfir til þess að tryggja réttarstöðu minnihlutaeigenda í hlutafélögum.


Það er viðurkennt sjónarmið í hlutafélagarétti og raunar félagarétti almennt, að stjórnarmenn félaga skuli hafa skilyrðislausan aðgang að skjölum og bókum félagsins. Um þetta má t.d. vísa til bókar Stefáns Más Stefánssonar, Hlutafélög - réttarreglur, bls. 143. Réttur þessi er byggður á því, að til þess að getað sinnt eftirlitshlutverki og öðrum starfsskyldum stjórnarmanna, verði stjórnarmenn að hafa aðgang að öllum þeim gögnum sem varða rekstur félagsins. Þá styðst reglan einnig við þá þungu ábyrgð sem hvílir á stjórnarmönnum.

Reglan hefur þótt það sjálfsgöð að ekki væri tilefni til þess að hafa beinan texta um þessi réttindi í lögnum. Þrátt fyrir að sjónarmiðin og reglan séu skýr, hafa oft komið upp þau tilvik að meirihlutaaðilar í hlutafélögum hafi hindrað stjórnarmenn minnihlutaeigenda í því að fá umbednar upplýsingar um félagið. Virðist sem leikmenn í lögum eigi erfitt með að átta sig á ólögfestum reglum af þessum toga.

Af þessu tilefni leggur nefndin til að svohljóðandi ákvæði verði bætt við 44. gr. laga um einkahlutafélög og 52. gr. laga um hlutafélög:

**"Stjórnarmenn skulu hafa aðgang að öllum skjölum og bókum félagsins"**

Virðingarfyllst,  
f.h. Laganefndar

  
Magnús Thoroddsen, formaður